SKÓGRÆKT RÍKISINS

HAUKADALS SKÓGUR

ÞJÓÐ SKÓGAR

ÞJÓÐSKÓGARNIR

OPNIR ALLAN SÓLARHRINGINN ALLA DAGA ÁRSINS

www.skogur.is

Aðalskrifstofa
Miðvangi 2-4, 700 Egilsstaðir
470 2000, skogur@skogur.is

Rannsóknastöð skógræktar á Mógilsá
Kjalarnesi, 116 Reykjavík
470 2050, mogilsa@skogur.is

Skrifstofur á Akureyri
Gömlu gróðrarstöðinni,
Krókeyri, 600 Akureyri
470 2012, akureyri@skogur.is

Skógarvörður á Austurlandi
Hallormsstað, 701 Egilsstaðir
470 2070, hallormsstadur@skogur.is

Skógarvörður á Suðurlandi
Gunnarsholti, 851 hella
470 2080, sudurland@skogur.is

Skógarvörður á Norðurlandi
Vöglum, 601 Akureyri
470 2060, vaglir@skogur.is

Skógarvörður á Vesturlandi
Hvammi, 311 Borgarnesi
470 2040, vesturland@skogur.is

UM ÞJÓÐSKÓGANA

Þau lönd sem Skógrækt ríkisins hefur umsjón með fyrir hönd þjóðarinnar ganga undir heitinu þjóðskógarnir. Skógarnir eru opnir öllum, allan ársins hring, um allt land. Í marga er auðvelt að komast og ýmis konar aðstaða fyrir hendi. Annars staðar þarf að hossast í öflugum jeppa eða ganga upp bratta hlíð í ósnortinn skóg. Á kortinu hér að neðan má sjá fjölsóttustu skógana.

HRINGDU Í SKÓGINN

Við stíga í þjóðskógunum er að finna staura með símanúmerum. Þegar gengið er fram á slíkan staur er upplagt að taka upp símann, hringja í númerið sem gefið er upp á staurnum og hlusta á skemmtilega fróðleiksmola um skóginn lesna fyrir sig. Hver lestur er um 2 til 5 mínútur að lengd og gjaldið er það sama og í venjuleg símanúmer.

HAUKADALS SKÓGUR

Haukadalsskógur í Biskupstungum er afar vinsæll útivistarskógur, staðsettur í næsta nágrenni við Gullfoss og Geysi sem eru vinsælustu ferðamannastaðir landsins. Stígakerfi skógarins er fjölbreytt, en þar er að finna stíga fyrir hreyfihamlaða, erfiðari gönguleiðir og skemmtilegar reiðleiðir.

Í Haukadalsskógi er ein af þremur starfsstöðvum Suðurlandsdeildar Skógræktar ríkisins. Aðalstarf starfsmanna í Haukadal hefur á síðustu árum verið grisjun eldri skóga, jólatrjáahögg, gróðursetning jólatrjáa og ýmissa trjátegunda í uppgræðslusvæði á Haukadalsheiði. Ýmis viðarvinnsla, s.s. kurlun og fletting á bolviði fer fram í skóginum og er grisjunarviður seldur.

Stutt er í tjaldsvæði og hótel á Geysi og eru ýmsir gistimöguleikar í nágrenni skógarins.

JARÐFRÆÐI OG LÍFRÍKI

Mikill fjöldi af lækjum á upptök sín í Haukadalsskógi og sprettur vatnið undan grágrýtislögum í um 100 m.h.y.s. Enda lækirnir allir í Tungufljóti sem rennur á landamerkjum Haukadalsjarðarinnar að austanverðu. Vatnsflaumurinn myndar mörg votlendi á svæðinu sem öll eru þakin víði og birkikjarri, en gróðursett hefur verið í þurrari svæði inn á milli.

Heitar laugar er að finna í Haukadalsskógi og er sú þekktasta Marteinslaug. Var vatn úr henni nýtt til að hita sundlaug og lærðu margir Tungnamenn að synda í henni fyrr á árum. Er sundlaugin nú aflögð og laugin sem er 90°C heit notuð til að hita upp hús Skógræktarinnar. Þrjár aðrar laugar eru í mýrarsundi vestan við Haukadalskirkju og heita þær Kúalaug (38-40°C), Matarlaug (70°C) og Sokkalaug (25°C). Kúalaug er sú laug sem notuð hefur verið stöku sinnum til baða.

Fjölbreytt fuglalíf er í Haukadalslandinu, allt frá hefðbundnum mó- og skógarfuglum yfir í nýbúa, s.s. krossnefi og glókolla. Ýmsar andategundir halda sig á ám og lækjum allt árið. Refir, minkar og mýs eru í skóginum og í ánum er smáleikja og urriði í þeim hlýrri.

SAGA SKÓGARINS

Í Haukadal námu land Þorbrandur Þorbjarnarson og Ásbrandur, sonur hans. Höfðingjasetur Haukdæla var í Haukadal frá 11. og fram á 13. öld og var þar stofnaður einn af fyrstu skólum landsins, í tíð Teits Ísleifssonar (d. 1111) og konu hans, Jórunnar Einarsdóttur. Haukadalsland náði allt inn að Jarlhettum og var heiðin skógi vaxin fyrr á öldum, en skógarhögg, beit í samspili við köld ár og endurtekið öskufall úr Heklu, olli því að í upphafi 20. aldar var Haukadalsheiðin ein stór eyðimörk og var láglendi í Haukadal í stórhættu vegna sandfoks og jarðvegseyðingar.

Árið 1938 keypti danskur auðjöfur, Kristian Kirk, hluta Haukadals ásamt eyðijörðunum Bryggju og Tortu. Var skógræktarstjóra falið að beitarfriða landið og verja það fyrir uppblæstri. Árið eftir voru gerðir miklir varnargarðar úr hrísi til heftingar sandfoki. Kristjan Kirk andaðist árið 1940 og hafði þá gengið frá afsali þar sem hann afhenti Skógrækt ríkisins eignir sínar í Haukadal. Minnisvarði um Kristian Kirk er við heimreiðina að Haukadal.

Árið 1939 var Haukadalskirkja endurbyggð en hún er með elstu timburkirkjum landsins, að stofni til frá 1842. Legstein þjóðsagnapersónunnar Bergþórs í Bláfelli má finna austan kirkjugarðs.

Þau svæði sem gróðursett hefur verið í frá upphafi starfseminnar í Haukadal eru nú um 450 ha og birki- og víðivaxin svæðin innan skógar eru um 360 ha.

Skógrækt ríkisins sinnir ráðgjöf, rannsóknum, fræðslu, verndun og þróun á sviði skógræktar á Íslandi, ásamt almennri umhirðu þjóðskóganna. Aðalskrifstofa Skógræktar ríkisins er á Egilsstöðum en stofnunin er með starfsemi í öllum landshlutum. Á Mógilsá í Kollafirði er rekin rannsóknastöð skógræktar og skógarverðir eru staðsettir á Hallormsstað, Vöglum í Fnjóskadal, í Gunnarsholti og í Hvammi í Skorradal.

GÖNGULEIÐIR Í SKÓGINUM

BLÁ LEIÐ – 700 m
Gönguleið upp og í kring um Svartagil og Svartagilshvamm. Getur verið sleip og varasöm sér í lagi að vetri.

GRÆN LEIÐ – 1,2 km
Hringleið um Stekkjarhlíð sem liggur um Gunnarslund.

RAUÐ LEIÐ – 1,2 km
Auðveld hringleið sem liggur um skógarvegi og er útsýni ágætt af leiðinni.

ÚTSÝNISLEIÐ
Auðveld hringleið sem liggur um skógarvegi og er útsýni ágætt af leiðinni.

STÍGAR FYRIR HREYFIHAMLAÐA
Stígarnir eru breiðir og hæðarmunur eins lítill og mögulegt er. Þess ber þó að geta að þetta eru malarstígar og hæðarmunur er mestur á kaflanum frá salernum að göngubrú og gæti hann reynst einhverjum erfiður yfirferðar án aðstoðar. Auðveldara ætti að vera að fara stíginn frá hæsta punkti við salerni og niður að brú þar sem hæð stígana er jafnari. Umferð hesta og ökutækja er óheimil á skógarstígnum.

Göngum vel um viðkvæma náttúru
Verið velkomin í Haukadalsskóg!